



# REGLUR UM DÓMARARÁÐ HRFÍ Í TEGUNDAHÓPI 7

Gildir frá 8.mars 2022  
HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

1. Í dómararáði HRFÍ fyrir tegundahóp 7 eiga sæti þeir dómarar sem réttindi hafa til að dæma veiðipróf í þeim tegundahópi. Dómararáð kýs sér formann til tveggja ára í senn.
2. Dómararáð starfar í umboði stjórnar HRFÍ og er æðsti túlkunaraðili veiðiprósreglna fyrir tegundahóp 7. Stjórn HRFÍ vísar málum er varða túlkun á veiðiprósreglum í tegundahópi 7, til úrskurðar dómaráðs.
3. Dómararáð er stjórn HRFÍ til ráðgjafar um veiðiprósreglur. Tillögur til breytinga á veiðiprósreglum skal senda til dómararáðs til meðferðar og umsagnar. Dómararáði ber að senda stjórn HRFÍ umsagnir sínar og úrskurði innan hæfilegs frests.
4. Ef erindi sem stjórn HRFÍ vísar til dómararáðs varðar hagsmuni dómara sem sæti á í dómararáði víkur sá hinn sami úr ráðinu á meðan málið er þar til umfjöllunar. Sé ágreiningur uppi um hagsmuni dómara varðandi slík málefni sker stjórn HRFÍ úr um hæfi viðkomandi dómara. Dómari skal njóta andmælaréttar í slíkum tilvikum.
5. Dómarar sem sæti eiga í dómararáði skulu vera virkir félagar í HRFÍ og eiga lögheimili á Íslandi.
6. Í veiðiprófum í tegundahópi 7 er dómara óheimilt að dæma eigin hund eða hund í eigu sinna nánustu (þ.e. maka, foreldra, systkina eða barna). Dómari skal forðast að dæma hunda úr eigin ræktun, sé þess kostur.
7. Dómararáð annast skipulag, undirbúning og menntun dómara samkvæmt námsreglum um dómaranám fyrir fuglahundadómara.
8. Dómararáð skal útbúa og eiga kynningarefní um veiðiprósreglur (dómarahandbók).
9. HRFÍ gefur út dómaraskírteini fyrir nýja dómara.
10. Dómararáð skal halda samráðsfund (dómararáðstefnu) minnst einu sinni á ári, þar sem farið er yfir og skorið úr um öll vafaatriði og óvæntar uppákomur á starfsárinu. Allir starfandi dómarar hafa heimild til að sitja samráðsfundinn. Úrskurðir dómararáðs eru fordæmisgefandi. Verði ágreiningur í dómararáði um úrskurði ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
11. Rita skal fundagerðir á öllum fundum og ráðstefnum dómararáðs og senda stjórn HRFÍ afrit að fundum loknum.

12. Dómararáð skal skipa fulltrúa úr sínum röðum til að hitta erlenda dómara fyrir veiðipróf og fara yfir íslenskar veiðiprófsreglur.
13. Fulltrúi HRFÍ í veiðiprófum skal vera dómari samþykktur af HRFÍ. Fulltrúa HRFÍ skal skipa eigi síðar en tveimur vikum fyrir veiðipróf. Í forföllum fulltrúa HRFÍ getur stjórn HRFÍ veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnu álití dómararáðs. Ef notaðir eru erlendir dómarar á veiðiprófum HRFÍ skal tilnefna íslenskan fulltrúa HRFÍ.
14. Hafi dómari ekki dæmt á veiðiprófi í þrjú ár missir hann dómararéttindi sín. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn dómararáðs.